

Héraðsfundur Reykjavíkurprófastsdæmis eystra samþykkti eftirfarandi ályktun vegna framkominnar tillögu á kirkjuþingi, mál nr. 35.

Héraðsfundur Reykjavíkurprófastsdæmis eystra, haldinn í Grafarvogskirkju 14. maí 2025 fagnar framlagðri skýrslu um kosti og galla rýmkunar kosningarréttar.

Fundurinn harmar að í framlögðum tillögum sem byggja á skýrslunni skuli ekki vera horft til vægis atkvæða miðað við fjölda íbúa í prófastsdæminu. Íbúum í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra hefur fjölgað um 33% frá því kirkjuþingsfulltrúum var síðast fjölgað á kirkjuþingi árið 2006 og telur nú um 104.872 íbúa, þar af eru 57.511 í þjóðkirkjunni. Í framlögðum tillögum væru 11.502 þjóðkirkjumeðlimir á bak við hvern fulltrúa prófastsdæmisins á kirkjuþingi eða 20.974 íbúar. Héraðsfundurinn hvetur kirkjuþing til þess jafna vægi atkvæða og tryggja að ekki verði enn frekari lýðræðishalli á kirkjuþingi miðað við fjölda íbúa í prófastsdæminu. Erfitt er einnig að sjá rök fyrir því að fjöldi vígðra sé sá sami í öllum kjördæmum óháð fjölda sóknarbarna á bak við hvern presta eða djákna. Fundurinn leggur einnig ríka áherslu á að skírni í nafni heilagrar þrenningar sé gert að skilyrði fyrir framboði til kirkjuþings ásamt þeirri sjálfsögðu kröfu sem er í núverandi reglum að meðmæli þurfi frá sóknarnefnd.

Fundurinn treystir því jafnframt að kirkjuþing finni raunhæfa leið til að rýmka kosningaréttinn í ábyrgum skrefum og minnir á það fulltrúalýðræði sem reynst hefur kirkjunni vel.